

Fundargerð samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í síma, mánudaginn 22. september 2014, kl 10.30.

Mætt voru Sigurður Pétursson, formaður, Elías Jónatansson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Fjarskiptamál á Vestfjörðum

Framkvæmdastjóri kynntu fundi sem hann og formaður stjórnar FV sátu með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþings, þann 15. sept. sl. og með innanríkisráðuneyti 17. sept. í framhaldi af ályktun stjórnar FV um hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Sérstök umræða var síðan um málið á Alþingi þann 15. september að beiðni Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, alþm. Í þeirri umræðu kynnti innanríkisráðherra þá ákvörðun sína að fjármunum Fjarskiptasjóðs á árinu 2014 verði varið til hringtengingu ljósleiðara. Á fundi með innanríkisráðuneyti var kynnt að Fjarskiptasjóði hefði verið falið að undirbúa verkefnið, finna aukið fjármagn til þess í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki og aðra aðila. Miðað við að verkefnið hefjist á komandi sumri.

Samgöngunefnd lýsir ánægju með þennan áfanga, en ítrekar að í þessu verkefni þarf að leggja aukna áherslu á eflingu öryggis sem hringtenging ljósleiðara hefur fyrir fjarskipti og gagnaflutninga á Vestfjörðum. Hringtenging ljósleiðara fellur einnig að markmiði FV að þéttbýlisstaðir sem eru ótengdir ljósleiðara verði tengdir, það er, Hólmavík og Drangsness auk þess sem endabúnað vantar í Súðavík og á Reykhólum.

2. Staða Vestfjarðavegar 60

Kynnt svar Skipulagsstofnunar við erindi Vegagerðar 9. sept 2014 samkvæmt tölvupósti frá Reykhólahreppi frá 12. september sl. þar sem kynnt er erindi Skipulagsstofnunar frá 9. september sl.: „Ákvörðun um tillögu að matsáætlun Vestfjarðavegar 60 milli Bjarkalundar og Melaness.“

Skipulagsstofnun er hér að svara erindi Vegagerðar frá 4. júlí sl. um tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg (60), á milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, með nýrri útfærslu veglína. Í svari Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin fellst ekki á tillögu Vegagerðar en setur jafnframt fram leiðbeiningar um málsmeðferð. Vegagerðin ákvað síðan þann 18. september sl. að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Stjórn FV fjallaði um efni erindis Skipulagsstofnunar og viðbrögð Vegagerðar og samþykkti eftirfarandi ályktun:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því til stjórnvalda að ljúka án frekari tafa undirbúningi og ákvarðanatöku, svo hægt sé að hefja lagningu nýs láglandisvegar um Gufudalssveit (Vestfjarðavegur 60). Stjórn Fjórðungssambandsins telur í þeim efnum, algjörlega óásættanlegt að teyja málið með því að kæra það til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þessi framkvæmd er grundvallaratriði

fyrir öryggi vegfarenda og eflingu byggðar á Vestfjörðum og má ekki dragast meira en þegar er raunin.

Sú óvissa sem uppi hefur verið um framkvæmdina síðustu árin er óþolandi, rétt eins og sú staðreynd að Vestfirðingar njóta enn ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að byggðir séu tengdar saman og við hringveginn með nútímalegum heilsársvegum. Það er krafa Vestfirðinga að það muni ekki bitna á öðrum nauðsynlegum samgönguverkefnum á Vestfjörðum, ef verkefnið verður kostnaðarsamara en að hefur verið stefnt hingað til.

Samgöngunefnd tekur undir sjónarmið stjórnar FV.

3. Ályktun samgöngunefndar FV á Fjórðungspingi.

Formaður ræddi efni ályktunar um samgöngu og fjarskiptamál á Vestfjörðum, til grundvallar væri lögð ályktun 58. Fjórðungspings en óskaði eftir umræðu um efni hennar. Rætt um efni ályktunar og eftirfarandi ákveðið;

Vegamál. Meginþættir ályktunar 58. Fjórðungspings um nýframkvæmdir haldi sér en einnig verði tekið til umfjöllunar staða viðhalds og endurbóta á núverandi vegakerfi. Formanni falið að útfæra texta og bera undir nefndarmenn.

Flugmál. Leggja ber áherslu á að innanlandsflug eru almenningssamgöngur og öryggismál á Vestfjörðum. Stjórnvöld verði að hverfa frá þeirri stefnu að spara sér viðhald áætluarflugvalla. Samkvæmt upplýsingum ISAVIA er árleg viðhaldsþörf 500-600 mkr og var síðast veitt sú fjárhæð árið 2008, en var lækkuð hratt eftir það og ríkisframlag árið 2014 er 149 mkr og ekki er tillaga um hækkun í frumvarpi til fjárlaga 2015. Finna verði leið til að nýta hagnað af rekstri Keflavíkurflugvallar til viðhalds áætluarflugvalla í landinu. Ítreka verður síðan að lokið verði við þau viðhaldsverkefni sem þegar eru hafin, s.s. á Gjögurflugvelli. Eyrúnu falið að útfæra texta og bera undir nefndarmenn.

Strandsiglingar. Formanni falið að útfæra texta og bera undir nefndarmenn.

4. Önnur mál.

Rætt um mætingu samgöngunefndarmanna á 59. Fjórðungspingi. Í tilefni umræðu tók Eyrún Ingibjörg til máls. Hún væri nú að hverfa af vettvangi sveitarstjórnarmála og vildi nýta tækifærið og þakka ánægjulegt samstarf í samgöngunefnd á síðustu átta árum og biður um kveðjur til Fjórðungspings. Gústaf Jökull tók til máls og þakkaði samstarf og einhug í nefndinni en hann er einnig að hverfa af vettvangi sveitarstjórnarmála. Formaður þakkar nefndarmönnum samstarf í gegnum árin, hann væri einnig að hverfa af sama vettvangi en myndi ljúka störfum á komandi Fjórðungspingi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.45.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.